

Eldgos sunnan Gjástykkisbundu í mars 1980

Halldór Ólafsson

Suðurbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hallo@hi.is

Þessi frásögn er byggð á vinnudagbók sem ég skráði þegar ég var starfsmaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Meðan á eldgosahrinunni stóð sem kennd var við Kröflu og hófst í desember 1975, fóru fram margvíslegar mælingar á jarðskorpu umbrotasvæðisins. Einn þáttur þeirra mælinga, sem starfsmenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar framkvæmdu, voru fjarlægðarmælingar með svokölluðum „geodimeter“ en það var öflugt „laser“ mælitæki sem gat varpað geisla allt að 25 km í þar til gerðan spegil. Spegillinn endurvarpaði svo geislanum til tækisins og mældi tækið tímann sem tók geislann að fara til spegilsins og aftur til baka. Með þessu móti mátti fá mjög nákvæma vegalengd mælda milli tækis og spegils. Mælingarnar fóru þannig fram að tækinu var stillt upp kórrétt yfir fastmerki og á sama hátt var spegli komið fyrir yfir því merki sem mæla átti til.

Rúmu ári eftir upphaf Kröfluelda var okkur Sigurjóni Sindrasyni falið að setja út mælinganet yfir gliðunarbeltið norðan Kröfluvirkjunar sem myndast hafði vegna umbrotanna. Svæðið sem mest hreyfðist var frá Leirhnjúk í suðri og að Hrutafjöllum í norðri og varð því að ráði að við kæmum fastmerkjum fyrir á 5 til 7 km breiðu belti milli þessara staða. Í upphafi voru merkin 42 sem við settum niður en þeim var fljótlega fjölgað eftir því sem umbrotin urðu víðfeðmari.

Um miðjan mars 1980 var ég við mælingar sem oftast í Gjástykki ásamt Eysteini Tryggvasyni jarðeðlisfræðingi. Fyrrihluta þessarar mælingaferðar höfðum við fengið rýsjótt veður og þess vegna orðið heldur lítið úr verki því mælitækin voru viðkvæm fyrir úrkomu og vindi. En þann 16. mars snéri til hins betra og gerði afar gott veður, hægviðri og heiðríkju með vægu frosti. Við Eysteinn vorum komnir á stjá í rauðabíti

til að nýta daginn sem best og drifum okkur upp að Kröfluvirkjun þar sem við geymdum vélsleða stofnunarinnar en þeir voru ómissandi tæki vegna fannfergis á svæðinu. Útlit var fyrir að góðviðri héldist allan daginn svo við ákváðum að byrja mælingarnar á þeim merkjum sem lengst voru í burtu frá Leirhnjúk.

Fljótlegt var að bruna á vélsleðum eftir sléttum fannbreiðunum norður á Þeistareykjabungu en frá merkinu þar var meiningin að hefja mælingar dagsins. Eftir að hafa aðstoðað Eysteini við að stilla upp geodimeternum fór ég austur á Skuggaklett, sem var austasta og nyrsta og einnig fjarlægasta merkið í netinu, en kletturinn sá er á heiðinni skammt vestan Vesturdals. Þegar mælingu var lokið til Skuggakletts tók ég spegillinn niður og dreifði síðan þeim fjórum speglum sem tiltækir voru á austustu fastmerkin er sáust frá Þeistareykjabungu. Þannig gekk þetta fyrir sig, ég stillti speglum upp á merki en Eysteinn mældi, og að mælingu lokinni tók ég speglana niður og dreifði svo á næstu punkta. Svona var haldið áfram allan daginn við bestu skilyrði í eindæma góðviðri og þegar mælt hafði verið á öll merki sem sáust frá Þeistareykjabungu fór ég til Eysteins og hjálpaði honum að flytja geodimeterinn á næsta stað sem var Sandfell, lágur kubbabergskambur suðaustan í bungunni. Frá Sandfelli mældum við á sömu merki og frá Þeistareykjabungu og þeim mælingum lauk um klukkan fjögur síðdegis.

Þegar við vorum að taka saman tækin upp á Sandfelli til að flytja þau á næsta mælingastað tók Eysteinn eftir miklum hvítum gufubólstra sem virtist, frá okkur séð, stíga upp frá borsvæðinu norðan Kröfluvirkjunar. Fyrst héldum við að þeir Kröflumenn væru að láta nýboraða holu blása en er við fórum að skoða bólsturinn betur sáum við að staðsetningin gat ekki verið rétt.